



SKÝRSLA UM GJALDÞOL OG FJÁRHAGSLEGA STÖÐU 2018

Tryggingamiðstöðin hf.

Samantekt	3
A. Rekstur og afkoma.....	4
A.1 Rekstur.	4
A.2 Afkoma vátryggingastarfsemi.....	6
A.3 Afkoma fjármálastarfsemi.	7
A.4 Afkoma annarrar starfsemi.	8
A.5 Aðrar upplýsingar.	8
B. Stjórnkerfi.	9
B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi.....	9
B.2 Kröfur um hæfi og hæfni.	12
B.3 Áhættustýringakerfi og eigin áhættu – og gjaldpolsmat.	13
B.4 Innra eftirlitskerfi.	16
B.5 Innri endurskoðun.....	16
B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings.	17
B.7 Útvistun.....	17
B.8 Aðrar upplýsingar.	17
C. Áhættusnið.	18
C.1 Vátryggingaáhætta.....	18
C.2 Markaðsáhætta.	19
C.3 Mótaðilaáhætta.	21
C.4 Lausafjáraáhætta.	21
C.5 Rekstraráhætta.	22
C.6 Aðrar veigamiklar áhættur.	22
C.7 Aðrar upplýsingar.	22
D. Mat á gjaldpolsstöðu.....	22
D.1 Eignir.	23
D.2 Vátryggingaskuld.	25
D.3 Aðrar skuldir.....	28
D.4 Aðrar skuldir vegna mats á gjaldpolsstöðu.....	28
D.5 Aðrar upplýsingar.....	28
E. Eiginfjárstýring.	28
E.1 Gjaldpól.....	28
E.2 Gjaldpolskrafa og krafa um lágmarksfjármagn.	31
E.3 Frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn og frávik frá gjaldpolskröfu.	32
E.4 Aðrar upplýsingar.	32

SAMANTEKT

Afkoma TM á árinu 2018 markaðist annars vegar af nokkrum stórum tjónum á fyrri helmingi ársins og hins vegar af deyfð á verðbréfamörkuðum. Niðurstaðan er hagnaður upp á 701 milljón króna sem er minni hagnaður en rekstrarspá ársins gerði ráð fyrir og minni hagnaður en síðustu ár. Þrátt fyrir þessa rekstrarniðurstöðu var starfsemin blómleg á árinu og félagið steig stór skref inn í framtíðina í samræmi við leiðarstefið hugsum í framtíð..

ÁHÆTTUSNIÐ

Áhættusnið félagsins hefur ekki mikið breyst en áhættan hefur þó lækkað töluvert á milli ára. Mest var lækkun á markaðsáhættu félagsins á milli ára og munaði þar miklu um lágt álag á hlutabréfaáhættu um þessar mundir. Mæld áhætta eða gjaldþolskrafa samstæðunnar er nú 8.362 m.kr. en var í fyrra 9.860 m.kr.

VERÐMAT EIGNA OG SKULDA

Þessi skýrsla fjallar að mestu leyti um fjárhagsstöðu samstæðu TM samkvæmt reglum um gjaldþol váttryggingafélaga (Solvency II) sem tóku gildi árið 2016 með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þar gilda að sumu leyti aðrar reglur um verðmat eigna og skuldbindinga heldur en innan alþjóðlegra reikningsskilastaða. Meta á allar eignir og skuldir á markaðsvirði.

Í tilfalli TM sem gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) er eingöngu munur á mati á iðgjaldaskuld og áhættuálagi félagsins. Þar að auki koma óefnislegar eignir ekki til greina sem eignir á efnahag og því ekki hluti af gjaldþoli félagsins.

Tæplega 263 milljón króna munur er nú á mati á váttryggingaskuld samstæðunnar með matsaðferð skv. gjaldþolsreglum og mati skv. IFRS. Sá munur liggur í mati á iðgjaldaskuld samstæðunnar. Við gjaldþolsútreikninga er hún metin með áætlaðri greiðsluröð, þar sem áhrif núvirðingar og áætlaður framtíðarhagnaður koma til lækkunar frá lotuðum iðgjöldum sem eru notuð í ársreikningi. Nánar er farið yfir matsaðferðir á iðgjaldaskuld og áhættuálagi í kafla D.2.

2018 GJALDÞOL OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gjaldþol félagsins í lok árs 2018 var afar sterkt og gjaldþolshlutfall 174%, sem er fyrir ofan skilgreindan áhættuvilja félagsins og á svokölluðu viðbragsbili en ekki þykir ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir til að lækka hlutfallið. Fylgst er vel með hlutfallinu og að öllum líkindum mun það lækka strax á fyrsta ársfjórðungi. Gjaldþoli er stýrt meðal annars með arðgreiðslum og endurkaupum en engin endurkaup voru þó framkvæmd á árinu 2018.

LYKILTÖLUR

	2018	2017
Solvency II efnahagsreikningur		
Heildareignir	34.195.054	34.351.077
Váttryggingaskuld	17.869.897	16.675.764
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	36.721	27.903
Aðrar skuldir	3.177.962	3.337.137
Eignir umfram skuldir	13.110.473	14.310.274
Viðurkenndir gjaldþolsliðir		
Gjaldþolsþáttur 1 (ótakmarkað)	12.322.162	12.729.202
Gjaldþolsþáttur 1 (takmarkað)	-	-
Gjaldþolsþáttur 2	2.173.301	2.109.632
Gjaldþolsþáttur 3	88.311	81.046

Viðurkennt gjaldþol (SCR)	14.583.348	14.919.880
Gjaldþolskröfur		
Gjaldþolskrafa (SCR)	8.362.286	9.859.821
Lágmarksgjaldþol samstæðu	3.337.176	3.337.176
Hlítingarhlutfall		
Gjaldþolshlutfall (SCR)	174%	151%
Hlutfall viðurkennds gjaldþols og lágmarksgjaldþols	418%	447%

A. REKSTUR OG AFKOMA.

A.1 REKSTUR.

STARFSEMI

TM er íslenskt váttryggingafélag sem býður alhliða váttryggingaþjónustu á Íslandi ásamt því að bjóða afmarkaða váttryggingaþjónustu erlendis á sviði sjó- og eignatrygginga. TM hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og í Færeyjum.

Í árslok 2018 nam skráð hlutfé félagsins 678 m.kr. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Hlutfé félagsins skiptist í árslok á 921 hluthafa, en þeir voru 899 í ársbyrjun og fjölgaði því um 22 á árinu. Enginn hluthafi fer með virkan eignarhlut í félaginu.

Samstæða TM starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á það jafnt við um innlenda sem erlenda starfsemi félagsins. Endurskoðendur TM eru PWC og er tengiliður þeirra Óskar B. Hauksson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs.

Meginstarfsemi TM er váttryggingastarfsemi. Félagið gefur út váttryggingarsamninga sem flytja váttryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til félagsins. Þar með samþykkir TM að bæta framtíðartjón vegna vel skilgreindra, óvissra atburða. Fjárfestingastarfsemi er stór hluti af váttryggingastarfsemi vegna þess að iðgjöld eru greidd í upphafi váttryggingatímabils en tjónakröfur koma fram síðar og tími líður þangað til kröfur eru greiddar. Við þetta skapast fjárhagsleg skuldbinding gagnvart váttryggingatökum og til þess að geta staðið við hana þarf að ráðstafa sjóðum félagsins á móti þessari skuldbindingu með fjárfestingum. Váttryggingarekstur flokkast skv. Solvency II í skaðatryggingar, heilsutryggingar og líffryggingar.

Váttryggingar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón. Ábyrgðartryggingar bæta tjón þriðja aðila sem hinn váttryggði veldur. Slysatryggingar bæta tjón sem hinn váttryggði verður fyrir vegna slyss. Eignatryggingar greiða aðallega bætur til váttryggðra vegna tjóns eða taps á eignum og tengdum hagsmunum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón á eignum veldur því að þær nýtast ekki í rekstri.

Hjá TM starfa um 126 starfsmenn og á þriðja tug samstarfsaðila sem veita um 50 þúsund viðskiptavinum þjónustu. TM er með styrkleikamatið B++ frá matsfyrirtækinu A.M. Best. Mat A.M. Best nær einnig til láns hæfis og hefur TM láns hæfiseinkunnina bbb+ hjá matsfyrirtækinu.

Móðurfélagið Tryggingamiðstöðin hf. annast skaðatryggingar og slysatryggingar en dótturfélagið Líffryggingamiðstöðin hf. líffryggingar og heilsutryggingar á líftæknilögum grunni.

SKIPULAG

Höfuðstöðvar TM eru að Síðumúla 24 í Reykjavík, en þjónustuskrifstofur eru 18 talsins um land allt. Útibú félagsins eru þrjú og eru þau staðsett á Akureyri, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. TM á auk þess samstarf við söluaðila og váttryggingamiðlara í ýmsum löndum.

Höfuðstöðvar	Ytri Endurskoðendur	Eftirlitsaðili
Síðumúli 24	PricewaterhouseCoopers ehf.	Fjármálaeftirlitið
108 Reykjavík	Skógarhlíð 12	Katrínartúni 2
+354 5152000	105, Reykjavík	105 Reykjavík

SAMSTÆÐAN

Samstæða TM samanstendur af móðurfélaginu (Tryggingamiðstöðinni hf.) og fjórum dótturfélögum (sjá töflu 1).

Líftryggingamiðstöðin hf. er dótturfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og annast líftryggingastarfsemi sem skv. lögum þarf að vera í sérstöku félagi. Daglegur rekstur og starfsemi Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. er skv. þjónustusamningi í höndum TM.

Engin starfsemi er innan Íslenskrar endurtryggingar hf. og Tryggingar hf. nema uppgjör eldri skuldbindinga félaganna, sem TM vinnur skv. þjónustusamningi.

Í gjaldþolsskýrslum og fjárhagstölum hér í þessari skýrslu er litið á móðurfélagið og TM fé sem eitt og sama félagið. Félagið skilar því skýrslum fyrir móðurfélagið, Líftryggingamiðstöðina og samstæðuna í heild.


Dótturfélög TM

Heiti félags	Skráð aðsetur	Hlutfall eignarhluta og atkvæðisréttar
Líftryggingamiðstöðin hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%
TM fé ehf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%
Íslensk endurtrygging hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%
Trygging hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%

SKIPURIT

Starfsemi TM fer fram á fimm sviðum sem heyra undir forstjóra félagsins. Forstjóri og framkvæmdastjórnar sviðanna fimm skipa framkvæmdastjórn félagsins.

Mynd 1: Skipurit TM



A.2 AFKOMA VÁTRYGGINGASTARFSEMI.

REKSTRARNIÐURSTÖÐUR 2018

- Hagnaður ársins var 701 m.kr. og hagnaður á hlut var 1,03 kr. (2017: 3.123 m.kr. og 4,61 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **700 m.kr.** (2017: 3.207 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um **609 m.kr.** (2017: jákvæð um 97 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **1.817 m.kr.** (2017: 3.750 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **6,6%** (2017: 14,9%)
- Samsett hlutfall var **103,9%** (2017: 99,4%)
- Bókfærð iðgjöld jukust um **4,3%** á milli ára
- Eigin iðgjöld jukust um **4,4%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **10,6%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður hækkaði um **4,0%** á milli ára
- Arðsemi eigin fjár var **5,3%** (2017: 24,2%)

Hagnaður eftir skatta nam 701 m.kr. og litaðist afkoma félagsins af stórum tjónum og óhagstæðri þróun verðbréfamarkaða. Arðsemi eigin fjár var 5,3% en markmið félagsins er að hún sé hærri en 15%.


REKSTUR

Á árinu 2018 var samsett hlutfall TM 103,9% og hækkaði milli ára, en samsett hlutfall ársins 2017 var 99,4%. Eigin iðgjöld jukust um 4,4% en ná ekki að halda í við hækkun tjónakostnaðar sem var 10,6% milli ára. Verri afkoma af váttryggingastarfsemi skýrist einkum af hærri tjónshlutfalli í eignatryggingum og skipatryggingum. Afkoma slysatrygginga batnaði verulega á milli ára en afkoma ökutækjatrygginga versnaði hins vegar. Líftryggingar voru reknar með hagnaði líkt og á undanförunum árum en þær vega hins vegar ekki þungt í heildariðgjöldum. Hagnaður TM á árinu 2018 var 701 m.kr. eftir skatta og framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um 609 m.kr. Kostnaðarhlutfall félagsins á árinu var 19,9% og náðist markmið TM að ná kostnaðarhlutfalli undir 20%. Heildartekjur félagsins námu 17.516 m.kr. árið 2018 og lækkuðu um 7% frá árinu 2017.

Fjárfestingatekjur námu 1.817 m.kr. á árinu 2018. Það jafngildir 6,6% ávöxtun fjárfestinga en til samanburðar hækkaði markaðsvísitala Gamma um 3,7% á árinu. Ávöxtun fjáreigna TM var því vel undir meðalávöxtun síðastliðinna fimm ára sem var 12,7%. Vaxtagjöld hækka á milli ára vegna hærri verðbólgu en virðisrýrnun fjáreigna lækkaði töluvert á árinu 2018.

Heildargjöld félagsins námu 16.816 kr. árið 2018 sem er 8% hækkun frá árinu 2017. Tekjuskattur var enginn á árinu en hagnaður félagsins eftir skatta nam 701 m.kr. sem er 78% lækkun frá fyrra ári.

Mynd 2: Afkoma váttryggingagreina 2018




A.3 AFKOMA FJÁRMÁLASTARFSEMI.

Ávöxtun fjárfestinga var ásættanleg eða 6,6% en til samanburðar hækkaði markaðsvísitala Gamma einungis um 3,7% á árinu. Ávöxtun eignaflokka var misjöfn á árinu. Ávöxtun óskráðra hlutabréfa nam 15,8% og var mjög góð sem og ávöxtun skuldabréfa sem nam 8,6% að undanskildum ríkisskuldabréfum. Skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir skiluðu hins vegar slakri afkomu en ávöxtun þeirra var neikvæð um 16,3%.

Í árslok 2018 voru fjáreignir þannig samsettar að handbært fé, skuldabréf og útlán til viðskiptavina námu 16.318 m.kr. sem er 56% af heildarfjáreignum. Hlutabréf og sjóðir eru 9.333 m.kr. (32% af fjáreignum) og aðrar fjáreignir 3.286 m.kr. (11% af fjáreignum). Á árinu minnkaði TM verulega við eign sína í ríkisskuldabréfum en í árslok nam hún 2.659 m.kr. sem jafngildir 9% af fjáreignum félagsins. Hins vegar jók TM við eign sína í skuldabréfum öðrum en ríkisskuldabréfum um 3.997 m.kr. milli ára. Þá minnkuðu óskráð hlutabréf um 680 m.kr. milli ára þrátt fyrir góða afkomu eignaflokksins sem skýrist af sölu eigna, en t.a.m. gekk sala á SF V slhf. í gegn á árinu en hún var næststærsta óskráða hlutabréfaeignin í upphafi árs og nam virði hennar þá 1.143 m.kr.

Í árslok 2018 var S121 ehf. stærsta einstaka eign félagsins en hún nam 2.377 m.kr. Næststærstu eignirnar voru RIKB 20 (1.610 m.kr.), HSV eignarhaldsfélag slhf. (1.093 m.kr.), EIK 161047 (1.033 m.kr.) og Júpíter lausafjár sjóður (908 m.kr.). Fimm stærstu fjáreignirnar námu samtals 7.023 m.kr. sem jafngildir 24% af fjáreignum félagsins. Tíu stærstu fjáreignirnar námu samtals 10.687m.kr. sem jafngildir 37% af fjáreignum félagsins. Ávöxtun fjárfestinga hefur gengið vel á undanförunum árum. Á síðastliðnum fimm árum hefur árleg ávöxtun verið á bilinu 6,6–16,5% og að meðaltali er árleg ávöxtun 12,2%. Yfir sama tímabil hefur markaðsvísitala Gamma hækkað um 7,6% að meðaltali.

Mynd 3: Afkoma fjárfestinga 2018



A.4 AFKOMA ANNARRAR STARFSEMI.

Afkoma annarrar starfsemi TM er vegna umsýslu og innheimtu á iðgjöldum Viðlagatryggingar samkvæmt gildandi samningi á milli félaganna. Skylt er að váttryggja hjá Viðlagatryggingu allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Einnig nær váttryggingarskyldan til lausafjár sem er váttryggt almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar.

A.5 AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Stefna TM um samfélagsábyrgð felur í sér þrjár meginstoðir: Forvarnir, persónuvernd og upplýsingaöryggi og stuðning við vaxtarbrodda samfélagsins. Hlutverk TM er að þjóna einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum með aðstoð við að vera rétt tryggð og koma lífi þeirra og starfsemi fljótt á réttan kjöl eftir áföll. Starfsmenn TM og stjórn félagsins telja að með því að hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í störfum sínum minnki þeir verulega líkur á því að félagið verði fyrir áföllum sem hafi skaðleg áhrif á ímynd þess og orðspor. Samfélagsleg ábyrgð er leiðarljós í daglegri ákvarðanatöku og þannig má hafa jákvæð áhrif á samfélagið, bæta nýtingu auðlinda, auka þekkingu og lækka kostnað. Skýrt leiðarljós um samfélagsábyrgð styður jafnframt við gildi félagsins um heiðarleika og sanngirni.

MARKMIÐ UM LOFTLAGSMÁL

TM hefur undirritað yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál og sett sér markmið í þeim efnum til 2030. Markmið félagsins er að minnka kolefnisfótspor sitt um a.m.k. 34% og auka flokkun úrgangs í 98% á tímabilinu. TM hóf skipulegar umhverfismælingar á árinu 2015 en kolefnisfótspor félagsins á árinu 2018 var 1,29 tonn á hvert stöðugildi (2017: 1,37 tonn).

STARFSMANNASTEFNA

Meginmarkmið starfsmannastefnu TM er að félagið hafi á að skipa hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki, og að TM veiti starfsfólki sínu sem best skilyrði til að sinna þeim verkefnum sem störf þeirra krefjast og möguleika til þess að vaxa og dafna í starfi. Skýr starfsmannastefna styður félagið í að veita og viðhalda framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina og samstarfsfélaga. Hjá TM leggja allir sitt af mörkum til að skapa góðan starfsanda. Það er stefna TM að starfsmönnum líði vel á vinnustað þar sem þeir eru virkir þátttakendur og mæta stuðningi og sanngirni. Samskipti og framkoma starfsmanna einkennist af heiðarleika, virðingu og trausti. Vinnustaðargreiningar eru framkvæmdar reglulega og er markvisst unnið úr niðurstöðum þeirra í því skyni að auka starfsánægju. TM leggur ríka áherslu á kynjajafnrétti og jafnréttismál eru meðal forgangsatríða í þróun og framtíðarsýn félagsins. Hver

starfsmaður skal metinn á eigin forsendum óháð kynferði og öll mismunun er óheimil innan félagsins í hvaða formi sem hún birtist. TM hefur haft jafnlaunavottun frá árinu 2014 og var með fyrstu fyrirtækjum til að fá viðurkenningu Jafnréttisvísis Capacent.

STJÓRNARHÆTTIR

Við stjórnarhætti TM er fylgt lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út, síðast í maí 2015. Félagið víkur þó frá þeim fyrirmælum leiðbeininganna um að hluthöfum skuli gert kleift að taka þátt í hluthafafundi rafrænt, að hluta til eða fullu, þ.m.t. greiða atkvæði án þess að vera á staðnum. Miðað við stærð og samsetningu hluthafahóps félagsins hefur ekki þótt ástæða að víkja frá núverandi fyrirkomulagi. Hluthöfum er í staðinn veittur kostur á að greiða atkvæði bréflaga eins og hlutafélagalög áskilja. Tilnefningarnefnd var komið á með samþykki hluthafafundar í október 2018 og hefur hafið störf vegna aðalfundar 2019. Tilvísaðir lagabákar eru m.a. aðgengilegir á vef Alþingis, alþingi.is og leiðbeiningar um stjórnarhætti eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs, vi.is. Auk þess byggjast stjórnarhættir félagsins á ýmsum stefnum og innri reglum sem það hefur sett sér svo sem samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar en þessar reglur eru allar aðgengilegar á vef félagsins, tm.is. TM hefur fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands.

B. STJÓRNKERFI.

B.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM STJÓRNKERFI.

Þar sem Tryggingamiðstöðin rekur váttryggingastarfsemi sína í hlutafélagiformi tekur stjórnkerfi félagsins mið af lögum um hlutafélög nr. 2/1995 ásamt lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Einnig grundvallast stjórnkerfi félagsins á ýmsum stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðum og reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu.

Jafnframt hefur félagið sett sér innri reglur og stefnur m.a. um starfsreglur stjórnar, undirnefnda og tilnefningarnefndar, innra eftirlit, innri endurskoðun, áhættuvilja, fjárhagsstefnu, áhættustýringarstefnu, starfskjarastefnu, og upplýsingastefnu

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins, sem kjörin er á aðalfundi, hefur yfirumsjón með starfsemi þess og skal hafa almennt eftirlit með rekstrinum. Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar á vegum stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Stjórn félagsins ræður forstjóra. Engar veigamiklar breytingar voru gerðar á árinu 2018 á stjórnkerfi TM.

STJÓRN FÉLAGSINS

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi. Stjórn kýs sér formann og ber stjórnarformaður ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.

Stjórn félagsins hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og hefur með höndum almennt eftirlit með rekstri félagsins. Þannig er það stjórnar að móta stefnu, markmið og áhættuviðmið félagsins til lengri og skemmri tíma og móta stefnu um höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins. Þá hefur stjórn eftirlit með rekstri félagsins og efnahagsstöðu þess og að kerfi innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar sé fyrir hendi og sé virkt.

UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

Í stjórnkerfi félagsins starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Meginhlutverk **endurskoðunarnefndar** er að hafa eftirlit með reikningsskilum, fyrirkomulagi innra eftirlits félagsins, o.fl. Endurskoðunarnefnd hélt sjö fundi á starfsárinu 2017 til 2018 og var nefndin fullskipuð hverju sinni.

Starfskjaranefnd hefur það hlutverk að undirbúa ákvarðanir stjórnar félagsins um almenna starfskjarastefnu félagsins og um starfskjör forstjóra og stjórnarmanna eins og m.a. er kveðið á um í hlutafélagalögum.

TILNEFNINGARNEFND

Tilnefningarnefnd var komið á fót í félaginu samkvæmt ákvörðun hluthafafundar 25. október 2018. Nefndin hefur það meginhlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar. Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipa þann þriðja eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Tilnefningarnefnd leggur mat á hæfni frambjóðenda til stjórnar eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Vegna eðlis og umfangs hæfnismatsins leggur tilnefningarnefnd ekki slíkt mat á framboð sem berast síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Hæfnismatið skal birt a.m.k. þremur dögum fyrir hluthafafund á vefsíðu félagsins ásamt tillögum nefndarinnar eins og þær liggja þá fyrir.

FORSTJÓRI

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum sem honum tilheyrir og ekki eru falin öðrum að lögum. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar en nánar um valdheimildir forstjóra gagnvart stjórn er kveðið á um í ráðningarsamningi hans, áhættuvilja og fjárfestingastefnu félagsins sem stjórn hefur samþykkt. Forstjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur og annað sem stjórn telur þörf á til að geta rækt skyldur sínar.

Forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar er Sigurður Viðarsson.

FRAMKVÆMDASTJÓRN

Starfsemi TM fer fram á fimm sviðum sem heyra undir forstjóra félagsins. Forstjóri og framkvæmdastjórnar sviðanna fimm skipa framkvæmdastjórn félagsins og ber hver þeirra ábyrgð á einu sviði eins og sjá má á skipuritinu.

Skrifstofa forstjóra vistar fimm sérstök undirsvið sem öll heyra beint undir forstjóra. Þessi svið eru fjárfestingar, lögræði og regluvarsla, áhættustýring, viðskiptaþróun og mannauður.

Einstaklingsráðgjöf og markaðsmál ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til einstaklinga og fjölskyldna. Sérstök áhersla er lögð á að byggja upp og viðhalda langtímasambandi við viðskiptavinum. Það er meðal annars gert með því að greina með skipulögðum hætti þarfir hvers viðskiptavinar fyrir sig og sérsníða lausnir sem mæta þörfum hvers og eins. Markvisst er unnið að því innan sviðsins að bjóða nýjum viðskiptavinum að ganga til liðs við TM. Markaðsmál heyra undir sviðið og vinnur það að markaðsgreiningum, vöruhönnun og vörumerkjastjórnun. Framkvæmdastjóri sviðsins er Kjartan Vilhjálmsson.

Fyrirtækjaráðgjöf og erlend viðskipti ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja og erlendra viðskiptavina. Sviðið ber einnig ábyrgð á endurtryggingasamningum TM og uppgjöri vegna þeirra. Þjónusta við íslenskan sjávarútveg er fyrirferðarmikil í starfsemi sviðsins. Sviðið hefur einnig með höndum skipulag og þjónustu á sviði forvarna en TM hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á forvarnir íslenskra sjómanna. Líf- og sjúkdómtryggingar eru hluti af starfsemi sviðsins en það stýrir rekstri dótturfélaga TM. Framkvæmdastjóri sviðsins er Hjálmar Sigurpórsson.

Áhættuverðlagning ber ábyrgð á stýringu váttryggingaáhættu. Sviðið hefur með höndum stofnstýringu og verðleggur þær áhættur sem félagið váttryggir. Tryggingastærðfræðingur félagsins tilheyrir sviðinu og hefur með höndum verkefni þar sem þörf er á tryggingastærðfræðilegri þekkingu. Framkvæmdastjóri sviðsins er Garðar Þ. Guðgeirsson.

Tjónþjónusta ber ábyrgð á afgreiðslu allra tjóna sem tilkynnt eru til félagsins, allt frá skráningu og ákvörðun bótaskyldu til mats á tjónsfjárhæð og greiðslu bóta. Auk sérfræðipækkingar innan sviðsins styðst Tjónþjónusta jafnframt við net sjálfstætt starfandi sérfræðinga og fyrirtækja sem koma að verðmætabjörgun, tjónsmati og viðgerðum vegna tjóna. Skýrir verkferlar og þjónustumarkmið tryggja skjóta og vandaða málsmeðferð. Sviðið skiptist í fjórar deildir; ökutækjatjón, eigna- og ábyrgðartjón, líkams- og ferðatjón og skipa- og farmtjón. Framkvæmdastjóri sviðsins er Björk Viðarsdóttir.

Fjármál- og rekstur hefur með höndum bæði ytri og innri uppgjör félagsins auk þess að annast lánastýringu, viðskiptaþjónustu, innheimtu og greiðslur vegna tjóna og rekstrarkostnaðar. Sviðið hefur umsjón með spágerð og vinnslu stjórnunarupplýsinga. Það annast einnig þróun innri hugbúnaðarkerfa og rekstur tölvukerfa. Sviðið sér um eignausmjón og skrifstofuþjónustu innan TM. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með stjórnkerfi upplýsingaöryggis og samskipti við matsfyrirtækið AM Best. Framkvæmdastjóri sviðsins er Óskar B. Hauksson.

LYKILSTARFSSVIÐ

Lykilstarfssvið félagsins eru fjögur: Áhættustýring, regluvarsla, innri endurskoðun og tryggingastærðfræði.

Áhættustýring starfar skv. áhættustýringarstefnu sem samþykkt er af stjórn og yfirfarin árlega. Samhæfð áhættustýring miðar að því að halda heildarsýn yfir alla áhættu félagsins og hvort hún sé í samræmi við áhættuvilja, fjárhagsstefnu og aðrar stefnur félagsins. Áhættustýring sinnir áhættumati og sér um útreikninga á gjaldþolskröfum og upplýsir stjórn félagsins í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum um hvort áhættutaka og gjaldþol er innan áhættumarka stjórnar. Áhættustýring kemur einnig mikið að skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins ásamt annarri skýrslugerð. Garðar Hólm Kjartansson er forstöðumaður áhættustýringar.

Regluvarsla skal m.a. hafa með höndum almennt eftirlit með því að í starfsemi félagsins sé fylgt lögum og reglum, þ. á m. innri reglum þess, og veita aðstoð og ráðgjöf varðandi reglufylgni auk þess að hafa með höndum regluvörslu á grundvelli laga og stjórnvaldsfyrirmæla um verðbrefaviðskipti og innri reglna þar að lútandi. Einingin starfar á ábyrgð stjórnar og heyrir undir forstjóra. Valgeir Pálsson, forstöðumaður lögfræðiþjónustu er regluvörður félagsins og veitir um leið starfssviði regluvörslu forstöðu.

Innri endurskoðun TM hefur að markmiði að efla virkni og gæði innra eftirlits og áhættustýringar ásamt því að styðja við góða stjórnarhætti með því að hafa reglubundið eftirlit með stöðu og framkvæmd þessara þátta. Í þessu skyni felast verkefni innri endurskoðunar m.a. í því að fara almennt yfir innra eftirlit félagsins með tilliti til virkni þess og gæða, athuga hvort unnið sé eftir þeim lögum og reglum sem félagið starfar eftir og fara yfir hvort verklags- og starfsreglur séu innleiddar með fullnægjandi hætti og hvernig tryggt sé að þeim sé framfylgt. Innri endurskoðanda ber að gera áætlun til þriggja ára til að tryggja að farið sé yfir alla þætti í innra eftirliti og áhættumati. Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn, en formaður endurskoðunarnefndar er ábyrgðaraðili starfssviðsins. Innri endurskoðandi skal starfa óháð rekstrareiningum félagsins og gæta hlutlægni í störfum sínum. Stjórn TM útvistar starfsemi innri endurskoðunar m.a. á grundvelli útvistarstefnu sinnar. Innri endurskoðun er nú útvistað til KPMG.

Tryggingastærðfræði hefur að markmiði að nýta tryggingastærðfræði, og stærðfræði og tölfræði almennt, til að efla starfsemi og stjórnun TM. Helstu tryggingastærðfræðileg verkefni er að leggja mat á váttryggingaskuld félagsins þannig að matið sé ávallt tiltækt og þannig að gögn sem þarf til sundurliðunar og skýringa séu góð, svo og að taka þátt í verðlagningu váttryggingaáhættu með áherslu á að byggt sé á góðum upplýsingum um iðgjöld og tjón. Stærðfræðingar TM starfa innan tryggingastærðfræðilegrar þjónustu á sviði áhættuverðlagningar. Forstöðumaður tryggingastærðfræðilegrar þjónustu ber ábyrgð á starfssviði tryggingastærðfræðings. Hann gefur stjórn TM skýrslu a.m.k. einu sinni á ári. Helgi Þórsson er forstöðumaður tryggingastærðfræðilegrar þjónustu.

STARFSKJARASTEFNA

Starfskjarastefna TM nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnlaunasjónarmiðum. Stefnan er liður í að gæta langtímahagsmuna eigenda

félagsins, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti.

Þóknun til stjórnarmanna vegna stjórnarstarfa, þeirra sem starfa í undirnefndum stjórnar og tilnefningarnefnd, skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn og aðrir sem sitja í framangreindum nefndum verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og hliðstæðum þóknunum í öðrum sambærilegum félögum. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- eða söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra skulu hvað grunnlaun varðar vera samkeppnishæf miðað við aðila í sömu stöðum sambærilegra félaga á íslenskum markaði og taka mið af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins til að tryggja samræmi og sanngjarna starfskjarastefnu innan þess. Þá skulu starfskjör taka mið af árangri stjórnenda við rekstur félagsins og stöðu þess hverju sinni, en sá þáttur skal einkum koma fram í breytilegum launum skv. kaupaukakerfi félagsins. Kaupaukakerfið byggir á tengingu umbunar við afkomu, arðsemi og árangur félagsins í heild og árangurs einstakra sviða þess, en felur þó einungis í sér heimild en ekki skyldu til greiðslu kaupauka. Kaupaukakerfið nær til forstjóra og þeirra starfsmanna sem forstjóri félagsins tekur ákvörðun um á hverjum tíma og gerir samkomulag við innan þeirra marka sem lög og innri reglur félagsins heimila. Einungis stjórn félagsins getur ákveðið kaupauka til forstjóra.

Ákvörðun um kaupauka skal ávallt tekin út frá því sjónarmiði að hún stuðli að heilbrigðum og traustum rekstri félagsins til langframa. Til þess þarf að fara fram heildstætt mat á afkomu félagsins, arðsemi og árangri þess. Forstjóri og stjórn félagsins bera ábyrgð á að setja fram grunnviðmið um árangur félagsins og skilgreina viðeigandi lykilárangursmælikvarða fyrir félagið í heild auk þess að setja fram viðmið um hvaða árangri þarf að ná að lágmarki til að greidd sé út lágmarksgreiðsla annars vegar og hvaða árangri þarf að ná til að fá hámarksgreiðslu. Stjórn félagsins ber ábyrgð á framkvæmd og samþykkt árangursmats vegna forstjóra. Forstjóri og framkvæmdastjórn setja fram árleg markmið sviða, byggð á grunnviðmiðum um árangur félagsins og lykilárangursmælikvörðum fyrir félagið í heild. Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd og samþykkt árangursmats fyrir einstök svið.

Kaupaukar þurfa ávallt að byggjast á mati á árangri eða frammistöðu sem er viðeigandi í hverju tilviki. Samtala veitts kaupauka til starfsmanns má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Kaupaukakerfið er sett fram með það að leiðarljósi

- að samræma markmið starfsmanna og hluthafa félagsins,
- að auka líkurnar á að félagið nái markmiðum sínum til lengri tíma litið,
- að stuðla að því að umbunað sé fyrir frammistöðu sem tekur mið af hagsmunum helstu haghafa, svo sem viðskiptavina, kröfuhafa og hluthafa,
- að stuðla að stöðugleika á váttryggingamarkaði og samræmist góðum venjum og viðskiptaháttum í váttryggingaviðskiptum,
- að kerfið hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku.

Við starfslok skal að jafnaði ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi, þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um í hverju tilviki.

Á árinu 2017 áttu sér ekki stað nein veigamikil viðskipti við hluthafa sem gátu haft veruleg áhrif á félagið og stjórnarmenn þess.

B.2 KRÖFUR UM HÆFI OG HÆFNI.

Frá 25. september 2017 hefur TM haft í gildi sérstaka stefnu með það að markmiði að tryggja eins og kostur er að í stjórn félagsins, æðstu stjórnendastöður og stöður þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum veljist sem hæfastir einstaklingar til að vinna að vexti og viðgangi félagsins með gildi þess, orðspor og reglufylgni í huga.

Þeir sem stefnan tekur til, þ. á m. stjórn, forstjóri og þeir sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum, skulu fullnægja þeim hæfis- og hæfnisskilyrðum sem mælt er fyrir um í 41. gr. laga nr. 100/2016 og eftir atvikum í öðrum viðeigandi reglum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þeir sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum skulu hafa lokið fullnægjandi háskólaprófi sem telst viðeigandi svo í hverju tilviki geti viðkomandi tekist á hendur þá ábyrgð sem í starfinu felst. Allir þeir sem sitja í endurskoðunarnefnd félagsins skulu fullnægja þessu skilyrði, en formaður nefndarinnar er ábyrgðaraðili starfssviðs innri endurskoðunar.

Við mat á hæfis- og hæfnisskilyrðum sem að framan greinir skal almennt horft til rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins vegna starfa viðkomandi í þess þágu og þeirra viðmiða sem nánar greinir í 20. gr. áður gildandi reglugerðar nr. 585/2017 um váttryggingastarfsemi. Við framboð til stjórnar félagsins skal frambjóðandi gefa yfirlýsingu um að hann fullnægi lögmeðlum hæfis- og hæfnisskilyrðum til setu í stjórninni. Sams konar yfirlýsingu skulu aðrir sem stefnan tekur til, svo sem forstjóri og þeir sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum, gefa áður en þeir eru ráðnir til starfa. Að auki metur stjórn hæfni forstjóra í tengslum við ráðningu hans og gætir að menntunarskilyrðum þeirra sem skipa endurskoðunarnefnd.

Forstjóri metur að öðru leyti hæfi og hæfni þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum að fengnum nánar tilgreindum upplýsingum. Í tengslum við matið skal forstjóri hverju sinni ákveða hvaða efnisatriði skulu lögð til grundvallar við mat á hæfi og hæfni viðkomandi og í því sambandi skal haft samráð við forstöðumann mannauðsmála og eftir atvikum aðra sérfróða aðila, þ. á m. regluvörð einkum við mat á þekkingu viðkomandi á lögum og reglum varðandi starfsemi. Mat á hæfi og hæfni þeirra sem að framan greinir skal yfirfarið í febrúar ár hvert.


B.3 ÁHÆTTUSTÝRINGAKERFI OG EIGIN ÁHÆTTU – OG GJALDPOLSMAT.

SAMHÆFD ÁHÆTTUSTÝRING

Samhæfd áhættustýring TM starfar skv. áhættustýringarstefnu sem samþykkt er af stjórn og yfirfarin árlega. Samhæfd áhættustýring miðar að því að halda heildarsýn yfir alla áhættu félagsins og meta hvort hún sé í samræmi við áhættuvilja, fjárhagsstefnu og aðrar stefnur félagsins. Í áhættustýringarstefnunni er áhættustýringarferli félagsins skilgreint en þar koma fram hlutverk og verkefni áhættustýringar. Stjórnendur stýra áhættu félagsins í samræmi við áhættuvilja TM sem stjórn setur og inniheldur áhættumörk sem félagið vill halda sig innan. Áhættustýring fylgist með og mælir áhættu og upplýsir stjórn félagsins í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum um hvort áhættutaka og gjaldþol er innan áhættumarka stjórnar.

Við innleiðingu samhæfðrar áhættustýringar hefur meðal annars verið horft til ýmissa viðmiðunareglna EIOPA.

Mynd 4: Uppbygging samhæfðrar áhættustýringar



Kjarninn í áhættustýringu félagsins er eigið áhættu og gjaldpólsmat (ORSA).

Áhættustýringarstefnan tekur meðal annars til aðferða við meðferð og mælingu einstakra áhættupáttanna, útreikninga á gjaldpóli og gjaldpólskröfum, eigin áhættu- og gjaldpólsmats (ORSA), þróunar líkana og skýrslugjafar um áhættu félagsins.

Stefnan afmarkar einnig ábyrgð áhættustýringareiningar félagsins og aðkomu annarra sviða að áhættustýringu. Félagið hefur að auki meðal annars sett eftirtaldar undirstefnur sem styðja við áhættustýringu félagsins:

- Áhættuverðlagningar og váttryggingaskuldarstefnu
- Endurtryggingastefnu
- Fjárfestingastefnu
- Starfsmannastefnu
- Samskiptastefnu
- Upplýsingaöryggisstefnu
- Upplýsingastefnu
- Útvistunarstefnu
- Stefnu um reglufylgni
- Stefnu um innra eftirlit

Undirstefnurnar afmarka svigrúm stjórnenda og starfsmanna til almennrar áhættutöku. Þannig er skýrt hvar ábyrgð stjórnenda og starfsmanna liggur hvað áhættutöku varðar og hvernig reka á daglega starfsemi með viðeigandi hætti.


Félagið hefur skilgreint þær tegundir áhættanna sem mynda í sameiningu áhættusnið (e. risk profile) félagsins. Þær flokkast í sex yfirflokkanna:

- Váttryggingaráhætta
- Markaðsáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáráhætta
- Rekstraráhætta
- Viðskiptaáhætta

EIGIÐ ÁHÆTTU- OG GJALDPÓLSMAT

Kjarninn í áhættustýringu félagsins er eigið áhættu og gjaldpólsmat (ORSA). ORSA matið skiptist í sex undirverkpætti sem ætlað er að meta allar áhættur félagsins. Almenn er lítið á ORSA sem samfellt ferli með daglegum breytingum en sum eru þó framkvæmd annað hvort árlega eða ársfjórðungslega.

Mynd 5: ORSA matið



Félagið reiðir sig að miklu leyti á staðalreglu Solvency II fyrir tölulegt áhættumat í áhættuskýrslu til stjórnar. Staðalreglan er notuð til að reikna út gjaldþolskröfur váttryggingafélaga. Mikið verk er að hanna og fá samþykkt eigið líkan og notkun staðalreglu hefur hjálpað til við að einfalda, fræða og upplýsa stjórn um áhættustöðu og þróun. Félagið notar þó eigin aðferðir til að meta ýmsar helstu áhættur félagsins eins og váttryggingaáhættu, hamfaraáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu og rekstraráhættu. Þær niðurstöður eru bornar saman við áhættumetna með staðalreglu.

Í ORSA er lagt mat á alla áhættuþætti félagsins, líka þá sem ekki eru metnir í staðalreglu til útreiknings á gjaldþolskröfum. Það er sér í lagi gert í eigindlegu áhættumati félagsins þar sem lagt er mat á alla áhættu sem að félaginu steðja og rekstraráhætta spilar stórt hlutverk.

Staðalregla byggir á ákveðnum forsendum og því ber váttryggingafélögum einnig að leggja mat á hvort þær forsendur passir við raunáhættu og aðstæður þess.

ORSA inniheldur framtíðaráætlun til 3–5 ára. Við gerð áætlunarinnar er horft til gjaldþols og áhættusniðs félagsins og tekið tillit til áætlaðra arðgreiðslna. Niðurstöður ORSA eiga að tryggja að yfir áætlunartímabilið sé gott jafnvægi á milli stefnu félagsins í áhættutöku og þess gjaldþols sem nauðsynlegt er til að styðja stefnuna.

Einu sinni á ári, hið minnsta, tekur félagið saman helstu niðurstöður ORSA áhættumats félagsins saman í eina samantektarskýrslu sem í daglegu tali er nefnd ORSA skýrsla (e. Own Risk and Solvency Assessment supervisory report). ORSA er hliðstætt ICAAP sem bankar fara í gegnum árlega og er skýrslan send Fjármálaeftirlitinu.

ÁHÆTTUVILJI TM

Áhættuvilji félagsins lýsir vilja félagsins til áhættutöku og færir stjórnendum félagsins heimild til áhættutöku innan ákveðinna marka. Stjórn félagsins fær ársfjórðungslegar skýrslur um hvort félagið sé innan áhættuvilja í einstökum áhættuþáttum og yfirlit yfir stöðu gjaldþols og fjárhagslegs styrks.

Með áhættuvilja TM er sett fram skýr stefna félagsins um nauðsynlegt gjaldþol og áhættumörk sett fyrir þá áhættu sem félagið er tilbúið að bera fyrir eigin reikning. Þar eru ákvörðuð áhættumörk fyrir þrjá fyrstu áhættuflokkana hér að ofan ásamt fleiri mælingum tengdri áhættu. Í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum fylgist stjórn félagsins með áhættutöku þess og getur brugðist við ef áhætta er komin fram úr áhættuvilja stjórnar.

Fjárhagsstefna TM skilgreinir síðan nauðsynleg gæði og magn gjaldpóslíða og inniheldur aðgreiðslu- og endurkaupastefnu félagsins og lausafjárstefnu. Gjaldpólstýring, fjárhagslegur styrkur og traust eignasafn eru grunnforsendur þess að TM geti tekið við og borið áhættu viðskiptavina félagsins. Félagið vill halda nauðsynlegu eigin fé og gjaldpóli til að teljast traust og jafnframt skila eigendum sínum stöðugum og góðum arði til langs tíma. Félagið er með styrkleikamatið B++ hjá matsfyrirtækinu A.M. Best.

Mikil framþróun hefur orðið í eiginfjár- og gjaldpólstýringu með skilgreiningu áhættuvilja félagsins. Stýra þarf gjaldpóli félagsins í samræmi við þá áhættu sem rekstrinum og stefnu félagsins fylgir. Þar gegna lykilhlutverki kröfur laganna um váttryggingastarfsemi (Solvency II) og markmið félagsins um að halda matseinkunn í fjárfestingaflokki. Tekist hefur að ná góðum tókum á verkefninu og hefur félagið sett sér skýr markmið með vikmörkum um hve mikið gjaldpól félagið þarf.

Félagið hefur sett sér markmið um gjaldpólshlutfall upp á 1,5 með vikmörk frá 1,4 til 1,7. Fari gjaldpólshlutfallið út fyrir mörkin kallar það á viðbrögð stjórnar og starfsmanna.

B.4 INNRA EFTIRLITSKERFI.

INNRA EFTIRLIT

Innra eftirlitskerfi félagsins byggist á skýru stjórnskipulagi með aðgreiningu starfa og leiðbeiningum ásamt stjórnkerfi upplýsingaöryggis, allt undir eftirliti innri endurskoðunar. Innra eftirlit miðar að því að tryggja að félagið vinni sem best að rekstrarmarkmiðum sínum og öðrum markmiðum um starfsemina, að allar upplýsingar séu réttar og að fylgt sé gildandi löggjöf í starfsemi félagsins.

Helstu verkferlar. Helstu verkferlum í innra eftirliti er lýst í stjórnháttayfirlýsingu félagsins.

REGLUVARSLA

Regluvarsla fylgist með öllum lagabreytingum og breytingum á stjórnvaldsfyrirmælum sem áhrif geta haft á starfsemi TM, hvort sem um er að ræða innri rekstur eða þá þjónustu sem félagið veitir viðskiptavinum sínum. Hún stuðlar að því að veita stjórnendum, þ. á m. stjórn félagsins, og öðrum starfsmönnum upplýsingar og ráðgjöf með það að markmiði að starfsemi félagsins sé í alla staði í samræmi við lög og reglur, þ. á m. eigin reglur og stefnur sem félagið setur sér.

B.5 INNRI ENDURSKOÐUN.

Markmið TM með innri endurskoðun er að efla virkni og gæði innra eftirlits og áhættustýringar hjá félaginu ásamt því að styðja við góða stjórnarhætti með því að hafa reglubundið eftirlit með stöðu og framkvæmd þessara þátta.

Samkvæmt lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi ber váttryggingafélagi að hafa virka innri endurskoðun sem felur í sér mat á skilvirkni og gæðum innra eftirlitskerfis og annarra þátta stjórnkerfisins. Innri endurskoðun skal vera hlutlæg og óháð rekstrareiningum váttryggingafélagsins. Upplýsa skal stjórn um allar niðurstöður og ábendingar innri endurskoðunar sem tekur ákvörðun um aðgerðir og sér um að þeim sé framfylgt. Hjá félaginu starfar endurskoðunarnefnd sem skipuð er af stjórn félagsins til eins árs í senn. Henni er m.a. ætlað að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.

Stjórn útvistar innri endurskoðun, en þó er reglubundið lagt mat á hagkvæmni þess að útvista innri endurskoðun í stað þess stofna innri endurskoðunardeild. Við val á innri endurskoðanda er gerð er krafa um að hann sé viðurkennt endurskoðunaryfirtæki sem starfar eftir lögum, reglum og viðurkenndum alþjóðastöðlum um innri endurskoðun. Gerð er krafa um að þeir starfsmenn sem að verkinu koma búi yfir staðgóðri þekkingu og reynslu á endurskoðunarverkefnum og a.m.k. einn þeirra

sé löggiltur endurskoðandi eða með viðurkennt próf í innri endurskoðun. Stjórn TM tekur ákvörðun um val á innri endurskoðanda að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar.

B.6 STARFSSVIÐ TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS.

Markmið TM er að nýta tryggingastærðfræði, og stærðfræði og tölfræði almennt, til þess að efla starfsemi og stjórnun félagsins. Stærðfræðin er notuð í reglubundnum og tilfallandi verkefnum eins og eðlilegt er í váttryggingafélögum og er notkuninni hagað þannig, að hún uppfylli löggjöf, staðla og góðar venjur.

Helstu tryggingastærðfræðileg verkefni eru að leggja mat á váttryggingaskuld félagsins þannig að matið sé ávallt tiltækt og þannig að gögn sem þarf til sundurliðunar og skýringa séu góð, svo og að taka þátt í verðlagningu váttryggingaáhættu með áherslu á að byggt sé á góðum upplýsingum um iðgjöld og tjón. Stærðfræðingar félagsins koma einnig að öðrum reglubundnum eða tilfallandi verkefnum, meðal annars þætti váttryggingastarfseminnar í rekstrarspá félagsins.

Stærðfræðingar félagsins starfa innan tryggingastærðfræðilegrar þjónustu á sviði áhættuverðlagningar. Tveir stærðfræðingar (báðir tölfræðingar) eru í föstu starfi hjá félaginu. Fylgt er staðli Evrópusamtaka tryggingastærðfræðinga (AAE) um starfshætti tryggingastærðfræðinga (ESAP 1, General Actuarial Practice) nema annað sé tekið fram hverju sinni.

Þeir annast, á ábyrgð forstöðumanns, starfssvið tryggingastærðfræðings. Það lýtur ákvæðum Solvency II og er skilgreint í 48. gr. laga 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Til þess að rækja viðfangsefni sín starfar tryggingastærðfræðin m.a. eftir þessum stefnum félagsins:

- Stefnu um tryggingastærðfræði í starfi TM
- Váttryggingaáhættu- og váttryggingaskuldarstefnu
- Stefnu um gæði gagna og gagnaskil

B.7 ÚTVISTUN.

TM hefur sett sér stefnu um hvernig útvistun skuli háttað í félaginu. Félagið útvistar ekki verkefnum sem teljast undir kjarnastarfsemi og gerðir eru formlegir samningar í kringum þau verkefni sem er útvistað. Sérstaklega er gætt að upplýsingaöryggi við ákvörðun og samningagerð við þjónustuaðila. Varðandi útvistun á mikilvægri starfsemi félagsins þá útvistar félagið innri endurskoðun til viðurkennds endurskoðunarfyritækis.

B.8 AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Engar aðrar upplýsingar


C. ÁHÆTTUSNIÐ.

Það er hluti af váttryggingarekstri TM, eins og öðrum rekstri, að taka á sig áhættur af ýmsum toga. Þessar áhættur tekur félagið á sig, stýrir og fylgist reglulega með. Áhættur eru teknar í samræmi við skilgreindan áhættuvilja félagsins sem settur er af stjórn þess.

Til að bera áhættur þá þurfa váttryggingafélög að uppfylla gjaldpolskröfur samkvæmt lögum. Þeim er ætlað að tryggja að félag sé búið nægilegum fjárhagslegum styrk til að þola áföll tengd þessum áhættum. Er það gert til að tryggja hag váttryggingartaka og annarra hagsmunaaðila félaganna.

Gjaldpolskröfurnar eru áhættumiðaðar og reiknaðar með svokallaðri staðalreglu sem fylgir lögnum. Staðalreglan inniheldur aðferðir til að mæla allar helstu áhættur váttryggingafélaga en þó ekki allar og því ber að taka tillit til þess. Félagið reiknar gjaldpolskröfurnar ársfjórðungslega ásamt öðrum áhættutengdum atriðum og kynnir þær fyrir stjórn félagsins. Einnig eru niðurstöður útreiknings gjaldpolskrafa sendar Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega.

Mynd 6: Uppbygging gjaldpolskröfu Samstæðunnar



C.1 VÁTRYGGINGAÁHÆTTA.

Félagið tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalda. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem váttryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, háð eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu. Iðgjöldin þurfa að standa undir öllum tjónakostnaði, rekstrarkostnaði og hæfilegri álagningu að teknu tilliti til ávöxtunar á greiddum iðgjöldum og tjónakröfum. Váttryggingaáhætta er sérstök fyrir váttryggingastarfsemi og stafar af því að iðgjöld eru ákveðin fyrir fram en þjónustan veitt seinna og oft er áhættan ekki að fullu þekkt í einstökum atriðum í upphafi.

Félagið stýrir áhættu af váttryggingaáhættu að mestu leyti með vandaðri verðlagningu og endurtryggingum sem veita félaginu mjög góða vernd gegn stórum tjónum.

Váttryggingaáhætta er reiknuð með staðalreglu og skiptist þar í þrennt; skaðatryggingar, heilsutryggingar og líftryggingar.

SKAÐATRYGGINGAÁHÆTTA

	2018	2017
Skaðatryggingar - gjaldþolskrafa		
Lögbundnar ökutækjatryggingar	2.413.385	2.375.484
Frjálsar ökutækjatryggingar	689.926	780.536
Skipa-, farm- og flugtryggingar	815.755	799.740
Eignatryggingar	794.567	777.261
Ábyrgðatryggingar	796.404	724.068
Efndavátryggingar	4.163	3.456
Endurtryggingar (gamlar)	2.948	2.694
Hamfaraáhætta	620.759	608.821
Fjölpættingaráhrif	-1.859.470	-1.840.183
Skaðatryggingaáhætta	4.278.438	4.231.876

HEILSUTRYGGINGAÁHÆTTA

	2018	2017
Heilsutryggingar - gjaldþolskrafa		
Almennar slysa- og sjúkratryggingar	535.777	608.100
Tryggingar launþega	818.441	734.391
Sjúkrakostnaðartryggingar	30.860	2.694
Sjúkdómaáhætta	23.537	23.080
Hamfaraáhætta	167.437	296.429
Fjölpættingaráhrif	-328.316	-379.837
Heilsutryggingaáhætta	1.247.736	1.284.857

LÍFTRYGGINGAÁHÆTTA

	2018	2017
Líftryggingar - gjaldþolskrafa		
Dánaráhætta	156.398	147.237
Hamfaraáhætta	108.162	101.827
Fjölpættingaráhrif	-53.331	-50.208
Líftryggingaáhætta	211.228	198.856

C.2 MARKAÐSÁHÆTTA.

MARKAÐSÁHÆTTA

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði fjármálagerna hafi áhrif á virði fjárfestinga félagsins sem og skulda félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, ásamt því að hámarka ávöxtun fjárfestingasafnsins. Fjárfestingaeignum er skipt í eignir á móti váttryggingaskuld sem inniheldur öruggari eignir svo sem ríkisskuldabréf og sértrygð skuldabréf og í eignir á móti eignir fé sem geta verið áhættusamari eignir.

Stefna félagsins við stýringu markaðsáhattu ræðst af fjárfestingastefnu þess og áhættuvilja en þar hefur stjórn félagsins sett mörk varðandi eignasamsetningu félagsins. Með þessu leitast félagið við að tryggja fjölbreytni í fjárfestingasafninu. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu og starfsreglur félagsins. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu félagsins a.m.k. ársfjórðungslega.

GJALDPOLSKRÖFUR VEGNA MARKAÐSÁHÆTTU

Áhætta og gjaldpolskrafa vegna markaðsáhættu er reiknuð með staðalreglu Solvency II. Staðalreglan inniheldur alla helstu markaðsáhættur váttryggingafélaga og miðað er við 99,5% vágildi.

	2018	2017
Markaðsáhætta		
Vaxtaáhætta	548.530	287.067
Hlutabréfaáhætta	4.861.941	6.690.038
Fasteignaáhætta	0	12.043
Áhættuálagsáhætta	1.050.703	634.387
Samþjöppunaráhætta	1.922.638	1.665.550
Gjaldmiðlaáhætta	323.344	914.597
Fjölþættingaráhrif	-2.579.212	-2.397.336
Samtals	6.127.944	7.806.346

HELSTU BREYTINGAR Á MILLI ÁRA

Vaxtaáhætta félagsins hefur undanfarin ár verið frekar lág miðað við stærð safnanna sem er á bak við tölurnar. Ástæðan er sú að á móti vaxtanæmum eignum félagsins þá koma vaxtanæmar skuldir félagsins þar sem mestu munar um váttryggingaskuld félagsins. Þessi tvö söfn hafa parast vel saman og það skýrir lága vaxtaáhættu. Mögulega er hægt að para eignir og skuldir það vel saman að vaxtaáhætta verði núll. Að sama skapi þá er hætta á miklu flökti vaxtaáhættu eins og sjá má á milli ára hér, en vaxtaáhætta telst enn vera frekar lág þó hún hafi hækkað í kjölfar stærra skuldabréfasafns.

Hlutabréfaáhætta hefur lækkað um 27,3% á milli ára og stafar eingöngu að hluta til af lækkun hlutabréfaeigna og sjóða samstæðunnar. Önnur ástæða fyrir lækkun hlutabréfaáhættu er staða hlutabréfaálags á markaði, sem nefnist samhverf aðlögun (e. Symmetric adjustment) en hún var í lok árs -6,3% en var fyrir ári síðan +1,9%.

Eignir sem flokkast undir hlutabréfaáhættu í staðalreglu	2018	2017
Móðurfélagið (TM og TM fé)	12.619.593	14.978.257
Líftryggingamiðstöðin	0	0
Samstæða	12.619.593	14.978.374

Áhættuálagsáhætta hækkar vegna aukningar í skuldabréfasafni félagsins. Samþjöppunaráhætta hækkar að hluta til af sömu ástæðu þar sem stórum mótaðilum hefur fjölgað og að einhverju leiti vegna almennra hækkana verðbréfa stærstu mótaðila félagsins.

Gjaldmiðlaáhætta lækkar töluvert vegna þess að hlutbréf samstæðunnar í S122 ehf. flokkaðist í fyrra sem skráð hlutabréfaeign í evrum eftir gegnumhorf (e. look-through) samkvæmt staðalreglu en gerir það ekki lengur. Þess í stað telst það vera óskráð hlutabréf í íslenskum krónum.

Þessar hækkningar liða markaðsáhættunnar stuðla þar af leiðandi að hærri fjölþættingaráhrifum sem fer hækkandi þegar áhætta dreifist á fleiri flokka markaðsáhættu. Segja má að markaðsáhætta sé dreifðari nú en hún var fyrir ári síðan.


C.3 MÓTAÐILAÁHÆTTA.

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum viðkomandi kröfu.

	2018	2017
Mótaðilaáhætta - gjaldþolskrafa		
Bankainnstæður og endurtryggingavernd (tegund 1)	365.525	339.665
Viðskiptakröfur og útlán (tegund 2)	556.025	631.666
Fjölpættingaráhrif	-56.892	-56.888
Mótaðilaáhætta	864.658	914.443

Í mótaðilaáhættu staðalreglu er eignum skipt í tvennt. Tegund 1 sem eru bankainnstæður og mótaðilar í endurtryggingum og sú vernd sem þeir veita og tegund 2 sem eru iðgjaldakröfur, útlán og aðrar kröfur. Mótaðilaáhætta er mæld meðal annars út frá lánshæfiseinkunn mótaðilanna.

Mynd 7: Styrkleikamat endurtryggjenda fyrir árið 2019



C.4 LAUSAFJÁRÁHÆTTA.

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Félagið þarf á hverjum tíma að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða breytingum á seljanleika eigna. Hluti fjármálagerninga félagsins eru fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum sem ekki eru viðskipti með á skipulegum mörkuðum og almennt getur tekið tíma að selja. Því gæti félagið staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæð nálægt metnu gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjárpörf sinni sem gæti haft áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur.

Félagið hefur sett sér lausafjárstefnu með það að markmiði að draga úr líkum á lausafjárvandræðum. Þar hefur félagið sett tvo mælikvarða sem þurfa að vera fyrir ofan ákveðið lágmark:

1. Handbært fé ekki undir 80% af markmiði handbærs fjár sem þarf til daglegs reksturs.
2. Markmið um að handbært fé, ríkisskuldabréf og lausafjárjóðir sem eru tryggar og auðseljanlegar eignir (HQLA) nemi aldrei lægra hlutfalli en 30% af tjónaskuld.

Lausafjáraáhætta er ekki metin í staðalreglu.

C.5 REKSTRARÁHÆTTA.

Félagið býr við áhættu vegna mismunandi þátta í rekstri þess sem geta leitt til beins eða óbeins taps. Þessir þættir varða t.d. starfsmenn, upplýsingakerfi og ferla. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga innan félagsins. Þrátt fyrir að TM hafi gripið til margvíslegra ráðstafana í starfsemi sinni í því skyni að draga úr rekstraráhættu er ekki hægt að útiloka að félagið geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkra áhættuþátta sem þá hefði áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur.

Félagið hefur um árabil verið með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis skv. ISO 27001 staðlinum. Hluti af stjórnkerfinu er gerð áhættumats samkvæmt stefnu um stýringu rekstraráhættu. Gripið er til viðeigandi ráðstafana í rekstrinum á grundvelli áhættumatsins. Einnig er fylgst með þeim atvikum sem koma upp og lagt mat á grunnorsakir og gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Rekstraráhætta í staðalreglu er hins vegar reiknuð sem hlutfall af iðgjöldum og vátryggingaskuld félagsins og því ekki hægt að segja að um nákvæm vísindi sé að ræða. (Sjá rekstraráhættu í töflu hér að ofan).

C.6 AÐRAR VEIGAMIKLAR ÁHÆTTUR.

VIÐSKIPTAÁHÆTTA

Eins og hjá öðrum félögum sem starfa á samkeppnismarkaði fylgir starfseminni margvísleg viðskiptaáhætta sem er að miklu leyti háð ákvörðunum og stefnumótun félagsins. Síðan fylgir starfseminni viðskiptaáhætta eins og áhættuþættir tengdir áætlunum félagsins, samkeppnis- og efnahagsumhverfi og markaðssetningu sem geta skaðað orðspor félagsins.

Félagið gerir stefnumótandi áætlun til fimm ára þar sem framtíðarsýn og heildarstefna félagsins er skilgreind. Meðal annars er byggt á greiningum á ytri efnahagsaðstæðum, samkeppnisumhverfi og stöðu félagsins. Stefnumótunarvinna stjórnar og stjórnenda hefur haft það að markmiði að vel sé fylgst með markaðsaðstæðum, rekstrarumhverfi og þeim tækifærum sem þar leynast. Með því að sinna þessu hlutverki af metnaði má ná auknum árangri í rekstri og takmarka þau áhrif sem stefnumótunaráhætta getur falið í sér.

Hjá félaginu er fylgst náið með öllum helstu fréttu- og samskiptamiðlum á Íslandi. TM hefur í sama tilgangi sett sér reglur um samskipti við fjölmiðla. Atvik eins og brot á lögum, rannsókn eða húsleit eftirlitsaðila eru líkleg til að hafa áhrif á ímynd fyrirtækja. TM hefur gert viðbragðsáætlanir vegna slíkra atburða til þess að lágmarka áhrif þeirra.

Viðskiptaáhætta er ekki metin í staðalreglunni.

C.7 AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Engar aðrar upplýsingar

D. MAT Á GJALDPOLSSTÖÐU.

EFNAHAGUR

Efnahagur TM hefur verið mjög traustur um árabil með háu eiginfjár- og gjaldþolshlutfalli. Eiginfjárhlutfall var 38,4% í lok árs 2018 og gjaldþolshlutfallið 1,74 sem er í samræmi við áhættuvilja stjórnar félagsins.

SOLVENCY II EFNAHAGSREIKNINGUR

Eftirfarandi tafla sýnir örlítið einfaldaða mynd af efnahagsreikningi samkvæmt Solvency II síðustu tvö ár borinn saman við síðustu reikningsskil félagsins samkvæmt IFRS í lok árs 2018.

	2018	2017	IFRS
Eignir			
Óefnislegar eignir	0	0	489.277
Rekstrarfjármunir	325.187	342.615	325.187
Fjárfestingar	26.438.425	26.338.237	26.438.425
Fjárfestingafesteignir	0	48.171	0
Hlutabréf	6.240.766	7.394.053	6.240.766
Skráð hlutabréf	2.416.969	2.610.796	2.416.969
Óskráð hlutabréf	3.823.798	4.783.257	3.823.798
Skuldabréf	9.419.101	9.976.022	9.419.101
Ríkisskuldabréf	2.690.225	5.061.139	2.690.225
Fyrirtækjaskuldabréf	6.615.432	4.819.297	6.615.432
Veðtryggð bréf	113.444	95.586	113.444
Fjárfestingasjóðir	10.778.397	8.919.310	10.778.397
Aðrar fjárfestingar	36	681	36
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	36.721	27.903	36.721
Útlánasafn	1.053.650	1.299.709	1.053.650
Endurtryggingaeignir	753.933	503.452	720.176
Bankareikningar	1.443.824	1.136.584	1.443.824
Viðskiptakröfur	4.051.891	4.611.992	4.051.891
Eigin bréf	0	0	0
Aðrar eignir	91.422	90.586	91.422
	34.195.053	34.351.077	34.650.574
Skuldir			
Vátryggingaskuld	17.869.897	16.675.764	18.132.745
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	36.721	27.903	36.721
Víkjandi lán	2.173.006	2.109.632	2.173.006
Aðrar skuldir	1.004.956	1.227.505	1.004.956
	21.084.580	20.040.803	21.347.427
Eignir umfram skuldir	13.110.473	14.310.274	13.303.147

D.1 EIGNIR.

Liðurinn fjárfestingar í Solvency II efnahag nam 26.438 m.kr. í árslok 2018 og hækkaði um 0,4% frá árinu 2017. Bankareikningar (handbært fé og bundin innlán) námu 1.444 m.kr. í árslok 2018 sem jafngildir um 5% af fjárfestingasafninu. Útlán félagsins lækkuðu á árinu en megnið af þeim eru bílalan til viðskiptavina. Þessir liðir saman mynda það sem félagið kallar fjárfestingaeignir félagsins og samtals vega þær um 85% af heildareignum félagsins sem námu 34.195 m.kr.

Rekstrarfjármunir félagsins námu 325 m.kr. í árslok 2018. Húsnæðið sem TM notar í starfsemi sinni er að mestu leyti tekið á leigu, þar með talda höfuðstöðvar félagsins að Síðumúla 24.

Óefnislegar eignir námu 489 m.kr. í árslok 2018 og voru annars vegar viðskiptavild að fjárhæð 100 m.kr. vegna kaupa á minnihluta í Líftryggingamiðstöðinni hf. og hins vegar eignfærður hugbúnaður. TM breytti afskriftareglum sínum á árinu og er nú eignfærður hugbúnaður afskrifaður á 10 árum. Óefnislegar eignir koma ekki fram á Solvency II efnahag.

Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka felur í sér eignasafn váttryggjenda vegna söfnunarlíftrygginga. Þessi liður er einnig skuldamegin í efnahag.

Hluttur endurtryggjenda í váttryggingaskuld er færður sem endurtryggingaeignir en þær námu 754 m.kr. í árslok 2018 miðað við Solvency II en 720 m.kr. samkvæmt reikningskilum og hækka nokkuð á milli ára. Kröfur á endurtryggjendur vegna uppgerðra mála eru hins vegar færðar með viðskiptakröfum. Viðskiptakröfur námu 4.051 m.kr. í árslok 2018 og lækka um 12% á milli ára. Hlutfall viðskiptakrafna í árslok af iðgjöldum ársins er 25% en var 30% árið á undan.

VIRÐISMAT FÉLAGSINS Á FJÁREIGNUM

Hér verður farið yfir hvernig verðmat á fjáreignum samstæðunnar fer fram og þá er sérstaklega átti við fjárfestingaeignir þess. Munur er á flokkun fjárfestinga félagsins hér og þeirri flokkun sem kemur fram í reikningskilum TM.

Ríkisskuldabréf

Ríkisskuldabréf eru að langmestu leyti skráð íslensk ríkisskuldabréf. Virði bréfanna er þannig í samræmi við markaðsverð þeirra á skipulögðum og virkum markaði (fair value). TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II. Sveitarfélagaskuldabréf flokkast með ríkisskuldabréfum og eru eingöngu skráð íslensk sveitarfélagaskuldabréf. Virði bréfanna er þannig í samræmi við markaðsverð þeirra á skipulögðum og virkum markaði (fair value). Ef ekki eru virk viðskipti með bréfin þá hefur TM metið virði bréfanna miðað við önnur sambærileg bréf á markaði með svipaðan meðallíftíma og áhættuálag. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Fyrirtækjaskuldabréf

Fyrirtækjaskuldabréf eru bæði venjuleg fyrirtækjaskuldabréf og sértryggð skuldabréf. Sértryggðu bréfin eru nær eingöngu skráð íslensk sértryggð skuldabréf. Virði bréfanna er þannig í samræmi við markaðsverð þeirra á skipulögðum og virkum markaði (fair value). Ef ekki eru virk viðskipti með bréfin þá hefur TM metið virði bréfanna miðað við önnur sambærileg bréf á markaði með svipaðan meðallíftíma og áhættuálag. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Skráð hlutabréf

Skráð hlutabréf eru metin skv. markaðsvirði félaganna í kauphöllum. Í dag er eingöngu um hlutabréf að ræða í íslensku kauphöllinni. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Óskráð hlutabréf

Óskráð hlutabréf eru metin á gangvirði (fair value). TM notar nokkrar aðferðir til að meta gangvirði óskráðra eigna:

- Nýleg viðskipti með bréfin.
 - Ef viðskipti hafa verið með hluti í viðkomandi félagi á milli ótengdra fjárfesta og viðskiptin virðast uppfylla svonefnd armslengdarsjónarmið, þá notar TM það verð sem viðmið.
- Kennitölusamanburður.
 - Kennitölusamanburður við skráð félög á markaði innan sömu atvinnugreinar eða við félög með svipuð einkenni, er notaður til virðismats.
- Núvirt sjóðsstreymi.
 - Til hliðsjónar við kennitölusamanburð notar TM núvirt sjóðsstreymislíkan til að komast að gangvirði óskráðra hlutabréfa.

Fjárfestingasjóðir

Sjóðir í eigu TM skiptast aðallega í hlutabréfa-, skuldabréfa- og fasteignasjóði. Þeir eru ýmist verðbréfa-, fjárfestinga- eða fagfjárfestingasjóðir. Sjóðirnir eru bæði erlendir og innlendir sjóðir og ýmist skráðir eða óskráðir sjóðir en langflestir erlendu sjóðirnir eru skráðir í kauphöll. TM metur virði þeirra skv. opinberum verðum sem sjóðsstjórar þeirra gefa út eða markaðsverð þeirra á markaði. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar eru kröfur í þrotabú. Notast er við varfærið mat á virði slíkra eigna og það er byggt á þeim upplýsingum sem berast. Það geta verið arðgreiðslur og áætlanir sendar af bússtjórum þrotabúa. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Bankareikningar

Staða bankareikninga ásamt því að áföllnum vöxtum er bætt við. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Útlánasafn

Útlánasafn TM er að mestu leyti fasteigna- og bílálán. Virði lánanna er metið út frá höfuðstól lánanna að frádregnum bæði almennum og sértækum afskriftum. TM notar sama virðismat fyrir bæði IFRS og Solvency II.

Það er því enginn munur á virði fjárfestingaeigna TM hvort sem um ræðir reikningskil félagsins samkvæmt IFRS eða samkvæmt reglum Solvency II.

D.2 VÁTRYGGINGASKULD.

Í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi eru tekin í íslenska löggjöf ákvæði tilskipunar 2009/138 um gjaldþol váttryggingafélaga, svonefndar Solvency-II gjaldþolsreglur. Nánari ákvæði um váttryggingaskuldina eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 35/2015 og í leiðbeiningum eftirlitsstofnana. Váttryggingaskuld skal vera samtala besta mats (e. *Best Estimate*) á skuldbindingum vegna gerðra váttryggingarsamninga og áhættuálags (e. *Risk Margin*).

Váttryggingaskuld er þær fjárhagslegu skuldbindingar sem hvíla á félaginu vegna gerðra váttryggingarsamninga. Henni er skipt í þrjá meginflokka í löggjöfinni: tjónaskuld, iðgjaldaskuld og áhættuálag. Tjónaskuld er sú fjárhagslega skuldbinding sem hvílir á félaginu vegna óuppgerðra orðinna tjóna í heild sinni. Iðgjaldaskuld varðar þá váttryggingavernd í framtíðinni sem félagið hefur þegar lofað að veita. Áhættuálag er sú fjárhæð sem ætlað er að tryggja að váttryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur váttryggingafélög áskilji sér til þess að taka að sér og standa við skuldbindingar félagsins vegna gerðra váttryggingarsamninga á uppgjörstigi.

Óvissa er á váttryggingaskuldinni vegna óvissu um þróun tjóna, bæði orðinna tjóna og líka vegna tjóna sem félagið hefur lofað að bæta en ekki eru enn orðin. Auk þess er óvissa um rekstrarkostnað í framtíðinni og einnig um almennt fjármálaumhverfi, en það hefur áhrif á hvernig iðgjöldin duga fyrir tjónum og kostnaði.

Mat á váttryggingaskuld félagsins er ekki það sama í reikningsskilum félagsins og við útreikninga á gjaldþoli. Tjónaskuld félagsins er sú sama, en við mat á iðgjaldaskuld og áhættuálagi er notuð önnur aðferð, sem er lýst hér.

Meginsjónarmið við mat á váttryggingaskuld félagsins við útreikninga á gjaldþoli er greiðsluraðasjónarmið. Þá er horft til tjónabóta og annars kostnaðar sem þarf að greiða, auk iðgjalda sem váttryggingartakar eiga eftir að greiða fyrir vernd í framtíðinni. Þar sem greiðslur vegna váttryggingaskuldbindinga eru slembiferli þarf að ákvarða greiðsluraðir sem þá fjárhæð sem líklegast er að verði greidd á hverju tímabili í framtíðinni.

Greiðsluraðir eru verðbættar með verðbólguþá á uppgjörstigi sem er ákvörðuð út frá verðbólguálagi á fjármálamarkaði. Að lokum eru greiðsluraðir núvirtar með áhættulausum vaxtaferli fengnum frá EIOPA og er núvirði greiðsluraðanna besta mat á váttryggingaskuldbindingum félagsins.

BESTA MAT Á SKULDBINDINGUM

Besta mat á skuldbindingum er reiknað tvískipt sem besta mat á iðgjaldaskuld og besta mat á tjónaskuld. Félagið tók upp matsaðferð *Solvency II* fyrir tjónaskuldina við ársuppgjör 2014. Þá var jafnframt ákveðið að nota ekki að sinni þá matsaðferð fyrir iðgjaldaskuld í reikningsskilum, en endurmeta það þegar reynsla verður komin á matsaðferðina við gjaldþolsútreikninga.

Tjónaskuld félagsins er metin með tölfræðilegum aðferðum með því að spá heildartjónakostnaði orðinna tjóna þegar uppgjör þeirra er lokið, en að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt. Notuð er aðferðin *Chain Ladder* til að framreikna tjónsáætlanir, skipt í einsleita áhættuflokka. Ákveðnar forsendur eru notaðar til að meta skuldina með aðferðinni *Chain Ladder*, og eru forsendurnar mismunandi fyrir ólíka áhættuflokka. Til þess að tryggja að matið sé raunhæft er tjónaskuldin einnig metin með *Chain Ladder* með öðrum forsendum og aðferðinni *Munich Chain Ladder* og mötin borin saman. Einnig er mat á tjónaskuld reglulega borið saman við reynslu. Í sérstökum tilvikum er tjónaskuldin ekki metin með hefðbundnum tölfræðilegum aðferðum, eins og þegar forsendur fyrir því að nota *Chain Ladder* eru ekki uppfylltar fyrir ákveðna tegund tjóna eða ef tjónin eru mjög stór. Við framreiknuð tjón er bætt mati á kostnaði við að gera upp váttryggingaskuldbindingar félagsins í framtíðinni. Þegar upphæð tjónaskuldar er fengin, er dreifing greiðslna áætluð með því að nota stuðla fengna með *Chain Ladder* aðferðinni notaðri á tjónagreiðslur. Greiðsluröðin er að lokum verðbætt og núvirt með áhættulausum vaxtaferli.

Mat á iðgjaldaskuld í ársreikningi er fengið með hlutfallslegri skiptingu iðgjalda á mánuði auk álags vegna niðurfellinga. Við útreikninga á gjaldþoli er iðgjaldaskuld metin eftir reglum *Solvency II* sem byggist á því að áætla greiðslufæði vegna samninga sem félagið hefur gert um váttryggingavernd í framtíðinni og reikna núvirði þess. Mat á tjónakostnaði og rekstrarkostnaði vegna váttryggingaverndar í framtíðinni er úr rekstrarspá félagsins. Gert er ráð fyrir að iðgjöld séu greidd af váttryggingartaka í þeim mánuði sem vernd er veitt og að þá greiði félagið rekstrarkostnað. Tjónakostnaður er svo greiddur í þeim mánuði sem vernd er veitt og til framtíðar samkvæmt greiðsluröð sem er fengin með því að meta líkan byggt á splæsiföllum og raungögnum. Greiðsluröðin er verðbætt og núvirt á sama hátt og tjónaskuldin. Í efnahagsreikningi skv. *Solvency II* er gert ráð fyrir hagnaði af váttryggingastarfsemi í framtíðinni, sem ekki er í ársreikningi félagsins.

	Tjónaskuld	Iðgj.skuld	RM	Samtals	IFRS
Eignatryggingar	1.318.619	924.435	39.772	2.282.825	2.348.219
Skip, sjó og farmtryggingar	976.995	365.234	54.972	1.397.201	1.312.680
Lögbundnar ökutækjartryggingar	5.533.589	1.906.691	206.655	7.646.935	7.656.322
Frjálsar ökutækjartryggingar	423.316	631.516	28.431	1.083.262	1.200.560
Ábyrgðatryggingar	1.560.977	193.888	102.501	1.857.366	1.944.266
Greiðslu- og efnadaváttryggingar	0	-7	197	190	2.111
Almennar slysa- og sjúkratr.	856.068	214.380	46.230	1.116.678	1.120.368
Slysatryggingar launþega	1.927.423	101.112	113.566	2.142.101	2.143.665
Sjúkrakostnaðartryggingar	5.072	2.385	14.097	21.555	7.756
Heilsutryggingar	23.969	110.621	2.225	136.816	192.135
Líftryggingar	47.593	65.109	19.611	132.313	153.230
Endurtryggingar	51.434	0	1.221	52.655	51.434
Samtals	12.725.055	4.515.365	629.477	17.869.897	18.132.745

ÁHÆTTUÁLAG Í VÁTRYGGINGASKULD (RISK MARGIN)

Áhættuálagið er reiknað sem núvirtur fjármagnskostnaður við að fjármagna reiknað lágmarksgjaldþol vegna núverandi vátryggingaskuldbindinga þar til uppgjöri þeirra verður lokið. Gert er ráð fyrir 6% fjármagnskostnaði á ári eins og lögbundið er og er kostnaðurinn svo núvirtur.

Áhættuálag í ársreikningi félagsins er ekki það sama og í gjaldþolsútreikningum. Í ársreikningi er áhættuálag metið út frá tjónaskuldinni einni með einfaldri aðferð sem byggist á því að gera ráð fyrir að framtíðargjaldþolskrafa sé fast hlutfall af besta mati tjónaskuldar á hverjum tíma. Ástæðan fyrir því að tjónaskuldin er einungis lögð til grundvallar er að í ársreikningi er iðgjaldaskuld metin með hlutfallslegri skiptingu iðgjalda á mánuði og gert er ráð fyrir að áhættuálag sé innifalið í því mati.

Í gjaldþolsútreikningum er áhættuálagið reiknað á annan hátt út frá allri vátryggingaskuldinni með nákvæmari aðferð en í ársreikningum. Notuð er reiknireglan:

$$RM = CoC \cdot \sum_{t \geq 0} \frac{SCR(t)}{(1 + r(t + 1))^{t+1}}$$

þar sem CoC er 6% fjármagnskostnaður, $SCR(t)$ er vænt gjaldþolskrafa eftir t ár og $r(t+1)$ er áhættulaus vaxtaferill eftir $t+1$ ár. Vænt gjaldþolskrafa í framtíð er reiknuð miðað við að félagið efni ekki til annarra skuldbindinga en þeirra sem félagið hefur þegar skuldbundið sig til á uppgjörstími. Framtíðarskuldbindingar félagsins eru metnar út frá greiðsluröð tjónaskuldar og greiðsluröð tjóna sem munu eiga sér stað eftir uppgjörstími og tilheyrandi kostnaðar.

LÍFTRYGGINGASKULD MEÐ FJÁRFESTINGAÁHÆTTU LÍFTRYGGINGATAKA

Líftryggingamiðstöðin býður söfnunarlíftryggingar sem innihalda að hluta líftryggingu og hins vegar sparnað í verðbréfasjóði. Vátryggingartaki ber sjálfur fjárfestingaáhættuna og félagið heldur eftir sparnaðinum í sérstökum sjóðum fyrir hönd vátryggingartaka. Sjá efnahagsreikning á bls. 22-23.

ÓVISSA Í MATI Á VÁTRYGGINGASKULD

Talsverð óvissa er á mati á vátryggingaskuld.

Óvissa í mati á tjónaskuld er bæði tölfræðileg óvissa um endanlegar tjónafjárhæðir greinaflokka í heildina, og til viðbótar óvissa um framvindu stakra stórtjóna. Í skýringu 36 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018 kemur fram að 10% breyting tjónaskuldar samsvari um 87% öryggisstigi.

Óvissa í mati á iðgjaldaskuld er sú sama og óvissa um iðgjöldin sjálf, engin leið er að vita fyrr en eftir á hvernig þau reynast. Ekki er lagt tölulegt mat á þá óvissu.

HLUTI ENDURTRYGGJENDA.

Vátryggingaskuld í hlut endurtryggjenda í ársreikningi er hlutdeild endurtryggjenda í vátryggingaskuldbindingum félagsins samkvæmt endurtryggingasamningum uppgjörstímabilsins. Á uppgjörstími er ekki búið að bókfæra hlut endurtryggjenda í iðgjaldaskuld samkvæmt endurtryggingasamningum sem ganga í gildi 1. janúar. Tjónaskuld í hlut endurtryggjenda er metin fyrir einstök tjón og er það besta mat félagsins.

Við útreikninga á gjaldþoli er besta mat á hlut endurtryggjenda í tjónskuld það sama og í ársreikningi, en við mat á iðgjaldaskuld er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi endurtryggingaverndar til framtíðar.

Ekki er tekið tillit til hættu á greiðslufalli endurtryggjenda.

D.3 AÐRAR SKULDIR.

Aðrar skuldir	2018	2017
Víkjandi lán	2.173.006	2.109.632
Lán vegna fjárfestingafasteigna	0	25.803
Viðskiptaskuldir	531.213	510.833
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	52.591	48.756
Ógreiddur tekjuskattur	0	204.281
Skammtímaskuldir og áfallin gjöld	421.152	437.832
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir samtals	3.177.962	3.337.137

VÍKJANDI LÁN

TM gaf út árið 2015 víkjandi skuldabréf að fjárhæð 2.000 m.kr. Víkjandi skuldabréfin eru verðtryggð og teljast til eiginfjárbáttar 2 og þar með til gjaldþols félagsins. Skuldabréfin bera 5,25% fasta verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun í vöxtum upp í 6,25% eftir 10 ár.

LÁN VEGNA FJÁRFESTINGAFASTEIGNA

Félagið hefur í nokkurn tíma, eða frá hrúni átt í safni sínu fasteignir sem hefur verið haldið til sölu. Á móti þessum fasteignum fylgja fasteignalán á efnahagsreikningi félagsins. Á árinu 2018 var síðasta fasteignin seld og virðið því horfið af efnahagsreikningi félagsins.

D.4 AÐRAR SKULDIR VEGNA MATS Á GJALDÞOLSSTÖÐU.

Félagið notar ekki neinar sértækar aðferðir við mat á skuldbindingum undir Solvency II.

D.5 AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Engar aðrar upplýsingar

E. EIGINFJÁRSTÝRING.

E.1 GJALDÞOL.

STÝRING Á GJALDÞOLI

Félagið stýrir gjaldþoli samkvæmt fjárhagsstefnu félagsins sem inniheldur meðal annars arðgreiðslustefnu þess og áhættuvilja félagsins. Gjaldþol (sbr. 88. gr. laga nr. 100/2016) er svipað hugtak og eigið fé samkvæmt IFRS nema það innifelur víkjandi lán en ekki óefnislegar eignir. Gjaldþol inniheldur auk þess ekki fyrirhugaða arðgreiðslu þar sem talið er að búið sé að ráðstafa því fé. Gjaldþol er því stærð sem talin er til reiðu til að mæta skyndilegu fjárhagslegu tapi félags.

Gjaldþol segir til um getu félagsins til að taka á sig áföll, þ.e.a.s. fjárhagslegan styrk þess. Gjaldþolskrafa samkvæmt lögum (sbr. 96. gr.) er það lágmark gjaldþols sem váttryggingafélag þarf að hafa. Stjórn TM hefur gefið út að stýra eigi gjaldþoli félagsins þannig að gjaldþolshlutfall þess sé á bilinu 1,4 til 1,7.

Gjaldþol samstæðunnar er 14.583 m.kr. (2017: 14.920 m.kr.). Gjaldþolskrafa er 8.362 m.kr. (2017 9.860m.kr.) og gjaldþolshlutfallið er 1,74 (2017: 1,51).

GJALDPOLSLIÐIR

Gjaldþol váttryggingafélags er samtala kjarnagjaldþols og stuðningsgjaldþols. Kjarnagjaldþol er annars vegar sá hluti eigna sem er umfram samtölu skuldbindinga og váttryggingaskuldar og hins vegar víkjandi skuldir. Til stuðningsgjaldþols teljast liðir, aðrir en kjarnagjaldþolsliðir, sem nýst geta til að mæta tapi. Allir gjaldþolsliðir samstæðunnar teljast til kjarnagjaldþols.

Samstæða 2018	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	678.143	678.143	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutfjár	425.516	425.516	-	-	-
Afstemmingarliðir	11.218.503	11.218.503	-	-	-
Víkjandi lán	2.173.006		-	2.173.006	-
Nettó skatteign	88.311				88.311
Samtals	14.583.479	12.322.162	0	2.173.006	88.311

Samstæða 2017	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	678.143	678.143	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutfjár	425.516	425.516	-	-	-
Afstemmingarliðir	11.625.543	11.625.543	-	-	-
Víkjandi lán	2.109.632		-	2.109.632	-
Nettó skatteign	81.046				81.046
Samtals	14.919.880	12.729.202	0	2.109.632	81.046

	2018	2017
SCR	9.859.821	8.521.799
MCR	3.464.763	3.111.257
Viðurkennt gjaldþol til að mæta SCR	14.583.480	14.919.880
Viðurkennt gjaldþol til að mæta MCR	14.495.169	14.838.834
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og gjaldþolskröfu	148%	175%
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og lágmarksfjármagns	418%	477%

Móðurfélag 2018	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	678.143	678.143	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutfjár	425.516	425.516	-	-	-
Afstemmingarliðir	11.161.348	11.161.348	-	-	-
Víkjandi lán	2.173.006	-	-	2.173.006	-
Nettó skatteign	89.781	-	-	-	89.781
Samtals	14.527.794	12.265.007	0	2.173.006	89.781

Móðurfélag 2017	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutafé	678.143	678.143	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutafjár	425.516	425.516	-	-	-
Afstemmingarliðir	9.707.225	9.707.225	-	-	-
Víkjandi lán	2.070.289	-	-	2.070.289	-
Nettó skatteign	93.447	-	-	-	93.447
Samtals	12.974.620	10.810.884	0	2.070.289	93.447

	2018	2017
SCR	8.455.744	8.578.718
MCR	2.953.867	2.652.568
Viðurkennt gjaldþol til að mæta SCR	14.527.794	12.799.648
Viðurkennt gjaldþol til að mæta MCR	12.855.780	11.166.426
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og gjaldþolskröfu	172%	149%
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og lágmarksfjármagns	435%	421%

Líftryggingamiðstöðin 2018	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutafé	250.000	250.000	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutafjár	0	-	-	-	-
Afstemmingarliðir	555.017	555.017	-	-	-
Víkjandi lán	0	-	-	-	-
Nettó skatteign	0	-	-	-	-
Samtals	805.017	805.017	0	0	0

Líftryggingamiðstöðin 2018	Samtals	Þáttur 1 - ótakmarkað	Þáttur 1 - takmarkað	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutafé	250.000	250.000	-	-	-
Yfirverðsreikningur hlutafjár	0	-	-	-	-
Afstemmingarliðir	498.278	498.278	-	-	-
Víkjandi lán	0	-	-	-	-
Nettó skatteign	0	-	-	-	-
Samtals	748.278	748.278	0	0	0

	2018	2017
SCR	243.351	222.184
MCR	510.896	458.689
Viðurkennt gjaldþol til að mæta SCR	805.017	748.278
Viðurkennt gjaldþol til að mæta MCR	805.017	748.278
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og gjaldþolskröfu	331%	337%
Hlutfall viðurkennds gjaldþol og lágmarksfjármagns	158%	163%

E.2 GJALDPOLSKRAFA OG KRAFA UM LÁGMARKSFJÁRMAGN.

Gildandi lög um váttryggingastarfsemi kveða á um ákveðið lágmarksfjármagn sem váttryggingafélögum er skylt að uppfylla. Fyrir einstök félög þá er um að ræða tvær kröfur, gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagn. Samstæður eru einnig með gjaldpolskröfu en í stað lágmarksfjármagns þá kemur lágmarksgjaldpolskrafa sem er reiknuð út frá lágmarksfjármagni dótturfélaganna.

Gjaldpolskrafan er ákveðin viðvörunarmörk gjaldpols félaga og almennt talið vera lágmarksgjaldpól sem félög þurfa að hafa til að stunda váttryggingastarfsemi sína. Lágmarksfjármagnið er lægra, á bilinu 25-45% af gjaldpolskröfunni, og er algert gólf gjaldpols.

GJALDPOLSKRAFA

Gjaldpolskrafan í Solvency II er áhættumiðuð og mæld með staðalreglu (e. Standard formula) sem er ein aðferð til að mæla alla helstu áhættuþætti váttryggingafélaga og mynda þannig gjaldpolskröfu félagsins.

Allar forsendur staðalreglunnar byggja á 99,5% vágildi. Félagið reiknar nú þessa áhættu ársfjórðungslega í samræmi við áhættustýringarstefnu og áhættuvilja félagsins. Áhætta skv. staðalreglu laganna er í eftirfarandi töflu.

Heildaráhætta og gjaldpolskrafa	2018	2017
Skaðatryggingaáhætta	4.278.438	4.231.876
Heilsutryggingaáhætta	1.247.736	1.284.857
Líftryggingaáhætta	211.228	198.856
Markaðsáhætta	6.127.944	7.806.346
Mótaðilaáhætta	864.658	914.443
Fjölpættingaráhrif	-3.625.266	-3.856.751
Áhætta óefnislegra eigna	0	0
Grunngjaldpolskrafa	9.104.739	10.579.629
Rekstraráhætta	514.521	491.864
Aðlögun vegna frestaðra skatta	-1.256.974	-1.211.671
Heildaráhætta og gjaldpolskrafa	8.362.286	9.859.821

Einföldunaraðferðir

Félagið notar einfaldaða útreikninga (sbr. 12. lið 103. gr. laga um váttryggingastarfsemi) á þeim forsendum að stærðarinnar vegna væri það of þungt að reikna viðkomandi áhættuþætti án einföldunar. Þar skiptir stærð áhættuþáttar máli miðað við aðrar áhættur. Félagið notar einfaldaða útreikninga á eftirfarandi áhættuþáttum:

- Sjúkdómaáhættu (sjá bls. 19).
- Dánaráhættu (sjá bls. 19).
- Hamfaraáhættu í líftryggingum (sjá bls. 19).

LÁGMARKSFJÁRMAGN

Lágmarksfjármagn (e. Minimum Capital Requirement, MCR) er önnur eiginfjárfkrafa skv. lögum. Kjarnagjaldpolsfjárlíðir váttryggingafélags skulu að lágmarki nema lágmarksfjármagni skv. 112. gr. laga nr. 100/2016. Lágmarksfjármagn er reiknað með einfaldari hætti en gjaldpolskrafan og er að því leyti gagnsærri krafa. Það er reiknað með ákveðnum hlutföllum af iðgjöldum skaðatryggingagreina og váttryggingarfjárhæða í líftryggingum.

	2018	2017
Lágmarksfjármagn		
Lágmarksfjármagn móðurfélags	2.953.867	2.883.593
Lágmarksfjármagn Líftryggingamiðstöðvarinnar	510.896	453.583
Lágmarksgjaldþolskrafa samstæðu	3.464.763	3.337.176

E.3 FRÁVIK FRÁ KRÖFU UM LÁGMARKSFJÁRMAGN OG FRÁVIK FRÁ GJALÐPOLSKRÖFU.

Samstæðan, móðurfélagið og dótturfélagið Líftryggingamiðstöðin uppfylla kröfur um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfu og er ekki um neitt frávik að ræða og ekki sjáanlegt að svo verði í náinni framtíð.

E.4 AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Engar aðrar upplýsingar